

## Fundargerð

Fjarfundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar mánudaginn 7. mars 2022 og hófst hann kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir varaformaður, Luciano Dutra og Steinunn Stefánsdóttir. Anna Sigríður Þráinsdóttir mætti ekki. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Ályktun um stöðu tungunnar 2022

Sjá fg. stj. ÍM 2/2022. Ályktun um stöðu tungunnar 2022 var samþykkt í grófum dráttum en gengið verður endanlega frá ályktuninni í lok ágústmanaðar.

### 2. Málræktarþing í haust

Sjá fg. stj. ÍM 2/2022. Málræktarþing verður haldið fimmtudaginn 29. september í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins. Eins og fram hefur komið mun málræktarþingið fjalla um stöðu tungunnar á netinu. Í því sambandi voru eftirfarandi atriði nefnd:

- hvernig á að efla áhuga á íslensku,
- hljóð- og rafbækur,
- kennsluefni og hlaðvörp,
- málfarsráðgjöf á netinu,
- alfræðirit, orðabækur og eldra efni á netinu.

### 3. Málþing í apríl.

Sjá fg. stj. ÍM 2/2022. Málþing um kynhlutlaust mál verður haldið laugardaginn 30. apríl í Veröld – húsi Vigdísar. Fyrirlesarar á málþinginu verða Anton Karl Helgason, Finnur Ágúst Ingimundarson, Guðrún Þórhallsdóttir, Hildur Lilliendahl Viggósdóttir, Höskuldur Þráinsson og Þorbjörg Þorvaldsdóttir. Fundarstjóri verður Eiríkur Rögnvaldsson.

### 4. Ráðstefna í Ungverjalandi 12.-13. maí (Language Strategy)

Alþjóðleg ráðstefna um málstefnu verður haldin í Búdapest í Ungverjalandi 12.–13. maí og var fulltrúa frá Íslenskri málnefnd boðið að halda þar erindi. Ákveðið hefur verið að varaformaður kynni íslenska málstefnu á ráðstefnunni. Ráðstefnan fer einnig fram á netinu.

### 5. Önnur mál

- a. Hafin er vinna við nýja heimasíðu Íslenskrar málnefndar.
- b. Næsti fundur í stjórn ÍM verður haldinn 11. apríl kl. 17. Fundurinn verður fjarfundur.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 17:50.

Ármann Jakobsson  
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir  
sign.